

skuldir, sem og ekki um tekjur umfram gjöld. Það var því að álitir réttarins heimilt samkvæmt ákvæðum útsvarslaganna að leggja útsvar á gerðarþola. En upphæð þessa útsvars á samkvæmt ákvæðum nefndra laga niðurjöfnunarnefnd að ákveða „eftir efnum og ástæðum“. Hér er sem sé ekki um það að ræða, að lagt hafi verið á rangan álagningarstofn eða álagningarstofn, sem ekki var til, heldur er hér raunverulega aðeins deilt um það, hvort ákvörðun niðurjöfnunarnefndar um upphæð útsvarsins hafi verið rétt, miðað við þann álagningarstofn, sem fyrir hendi var. En um það atriði er rétturinn ekki bær að úrskurða. Af framangreindum ástæðum er því ljóst, að rétturinn getur ekki tekið til greina framan­greindar kröfur umboðsmanns gerðarþola í máli þessu. Hins vegar verður að fallast á kröfu gerðarbeiðanda og leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda. Af þessu leiðir, að máls­kostnaðarkrafa umboðsmanns gerðarþola verður ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðar­beiðanda.

Miðvikudaginn 24. september 1952.

Kærumálið nr. 13/1952:

Þórdís Davíðsdóttir

gegn

Skapta Davíðssyni.

Búskipti. Sala fasteignar.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfégeti í Reykjavík, hefur kveðið upp úrskurð þann, sem kærður er.

Með kæru 25. júní þ. á., sem hingað barst 10. júlí þ. á., hefur sóknaraðili samkvæmt 3. tölulið 198. gr. laga nr. 85/1936 kært til Hæstaréttar úrskurð, er upp var kveðinn í skiptarétti Reykjavíkur 20. júní þ. á. Með úrskurði þessum var tekin til greina krafa varnaraðilja um, að húseignin nr. 9 við Vega­mótastíg í Reykjavík skuli seld á uppboði án tafar.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði

hrundið og að synjað verði um sölu nefndrar húseignar á uppboði að svo stöddu. Svo krefst hún og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Með dómi Hæstaréttar 17. okt. 1951 var tekin til greina krafa sóknaraðilja um frestun á sölu nefndrar húseignar, unz dómsúrlausn sé um það fengin, hvaða verði 13/16 hlutar jarðarinnar Úteyjar II verði metnir dánarbúi Davíðs Jóhannessonar, enda leiti sóknaraðili dómsúrlausnar um það án tafar. Þegar hinn kærði úrskurður var upp kveðinn, voru 8 mánuðir liðnir frá uppsögu hæstaréttardómsins, og hafði sóknaraðili þá enn eigi hafizt handa um að fá dómsúrlausn um fyrrgreint atriði. Að vísu höfðu verið gerðar ráðstafanir til, að mat færi fram á jörðinni Útey II, en því virðist ekki hafa verið framfylgt af hennar hálfu með nægjanlegum hraða. Þykir hún ekki eiga rétt til þess, að sölu húseignarinnar verði lengur frestað, og ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð skiptaréttarins.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 20. júní 1952.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 13. þ. m., hefur sóknaraðili, Skapti Davíðsson, Útey í Laugardal, Árnessýslu, krafizt þess, að húseign dánarbús Davíðs Jóhannessonar, nr. 9 við Vegamótastíg hér í bæ, verði án tafar seld á opinberu uppboði. Varnaraðili, Þórdís Davíðsdóttir, Vegamótastíg 9 hér í bæ, hefur mótmælt sölunni. Þá hafa aðiljar, hvor um sig, krafizt málskostnaðar.

Þann 2. október 1950 andaðist hér í bænum Davíð Jóhannesson, til heimilis á Vegamótastíg 9.

Erfingjar hans eru börn hans, Skapti Davíðsson, sóknaraðili í máli þessu, og Þórdís Davíðsdóttir, varnaraðili.

Með bréfi, dags. 16. maí 1951, krafðist Skapti þess, að búið yrði tekið til opinberra skipta, og fór uppskrift á eignum búsins því næst fram 29. sama mánaðar. Aðaleignir búsins reyndust vera húseignin nr. 9 við Vegamótastíg hér í bæ. Við uppskrift þessa mætti Þórdís Davíðsdóttir, og lýsti hún því yfir, að hún myndi krefjast endurmats á jörðinni Útey II í Laugardal, en þessa eign kvað hún bróður sinn Skapta hafa fengið

sem fyrirframgreiðslu upp í arf. Innköllun til skuldheimtumanna var gefin út 13. júní 1951 og birt síðast í Lögbirtingablaðinu 30. sama mánaðar. Á skiptafundi, er haldinn var í búinu 12. september 1951, krafðist Skapti Davíðsson þess, að eignir búins, þar á meðal húseignin nr. 9 við Vegamótastíg, yrðu seldar sem fyrst á opinberu uppboði, en Þórdís Davíðsdóttir mótmælti þá sölnunni og krafðist þess, að sölu á eignunum yrði frestað, þar til að séð yrði, hvaða verð á Útey II yrði lagt til grundvallar við skiptin, því undir því væri það komið, hvort hún gæti fest kaup á fasteign búins, sem skipti sig verulegu máli að eignast. Þann 15. sept. f. á. féll síðan í skiptarétti Reykjavíkur úrskurður í máli þessu á þann veg, að sala skyldi fara fram. Úrskurði þessum var skotið til Hæstaréttar, og með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 17. október 1951, var úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur hrundið, og hljóðar dómsorð Hæstaréttar þannig: „Fresta ber sölu á fasteigninni nr. 9 við Vegamótastíg með þeim hætti, er að framan greinir...“ Vísar Hæstiréttur þar til forsendna dómsins, en að því er þetta mál varðar segir svo í forsendum hans:

„Telja verður, að sóknaraðilja sé það hagsmunamál, að sala á fasteign dánarbúsins, húseigninni nr. 9 við Vegamótastíg, fari ekki fram, fyrr en dómsúrlausn er um það fengin, hvaða verði 13/16 hlutar jarðarinnar Úteyjar II verða metnir dánarbúinu. Pykir því rétt, að sóknaraðilja sé veittur kostur á að leita þeirrar dómsúrlausnar án tafar, enda verði sölu á framangreindri fasteign frestað, þar til sú úrlausn er fengin.“

Í bréfi til sýslumannsins í Árnessýslu, dags. 25. sept. 1951, hafði Ólafur Þorgrímsson hrl. hér í bæ óskað þess vegna Þórdísar Davíðsdóttur, varnaraðilja í þessu máli, að útnefndir yrðu 2 hæfir og óvilhallir menn til að meta umræddan jarðarhluta, og fór sú útnefning fram 28. sama mánaðar. Útnefningu þessa mun sóknaraðili hafa kært til Hæstaréttar með kæru, dags. 5. október 1951, og krafizt þess, að hún yrði ómerkt eða felld úr gildi, en með dómi réttarins 20. sama mánaðar var þeirri kröfu hrundið. Síðan fór hið umbeðna mat fram, og er það undirritað þann 1. apríl þ. á. Er matsverðið miðað við fardaga árið 1949, og er það að peningaverðmæti kr. 46.962.00. Þórdís Davíðsdóttir mun ekki hafa viljað una þessu mati, og er því með bréfi, dags. 10. f. m., óskað yfirmats á eigninni, en það yfirmat er ekki komið, enda mun hafa orðið ágreiningur um einn yfirmatsmanninn, sem endaði með því, að Þórdís Davíðsdóttir mun hafa með bréfi, dags. 13. þ. m., óskað eftir því, að sýslumaðurinn í Árnessýslu útnefndi annan mann í stað hans.

Í máli þessu heldur sóknaraðili því fram, að dráttur sá, sem orðið hafi á framkvæmd matsins á Útey II, hafi verið ástæðulaus. Auðvelt hafi verið allt til jóla að láta þetta mat fara fram vegna veðurs, en varnaraðili hafi ekkert gert til að hraða matinu, og sé honum því um að kenna, að endanlegt mat sé ekki komið. Þá kveður hann, að mat þetta út af fyrir sig skipti ekki máli, þar sem hinn látni hafi afhent sér jarðarhlutann sem fyrirframgreiðslu upp í arf með ákveðnu verði, og verði þeirri ráðstöfun ekki haggð nema með dómi. Telur hann því, að varnaraðili hefði

þegar í stað átt að höfða mál til þess að fá úr því skorið, hvaða verði 12/16 hlutar jarðarinnar Úteyjar II yrðu metnir dánarbúinu. Allur þessi dráttur sé þegar orðinn mjög óhagstæður fyrir búið og þegar þar við bætist, að húseignin liggi undir skemmdum vegna vanhírðu, verði ekki hjá því komizt að krefjast sölu á eigninni án tafar, ef búið eigi ekki að verða fyrir meira tjóni en þegar sé orðið.

Varnaraðili heldur því aftur á móti fram, að sér sé nauðsyn á að fá úr því skorið, með hvaða verði jarðarhlutinn Útey II verði reiknaður dánarbúinu við skiptin, áður en sala á húseign búsins fer fram, enda ákveði dómur Hæstaréttar frá 17. október síðastliðnum frestun á sölu húseignarinnar, þar til sú úrlausn sé fengin. Eigi hún enga sök á því, þótt matið hafi dregizt, enda hafi oft verið óskað eftir því við matsmennina, að þeir hröðuðu störfum. Telur hún engan vafa á því, að endanlegt matsverð jarðarhlutans verði tekið til greina við búskipti þessi, og skipti það því máli, hvert matsverðið sé. Þá neitar hún með öllu, að húseign búsins hafi fallið í verði eða búið borið nokkurt tjón af því, að sölunni hafi verið frestað.

Eins og fram kemur í máli þessu, er bú þetta undir opinberum skiptum, og ber því skiptaráðanda samkvæmt skiptalögunum að annast sölu eigna búsins á þann hátt, er telja má líklegastan til hagsbóta fyrir alla þá, er réttindi eiga í búinu, og draga eigi skipti á langinn, svo að leiða kunni til tjóns fyrir búið eða einstaka rétthafa í eignum þess. Eigandi þessarar fasteignar, sem hér um ræðir, Davíð Jóhannesson, andaðist 2. október 1950, og hófust skipti í búi þessu 29. maí 1951 með uppskriftargerð á eignum þess. Þótt álita megi, að varnaraðilja, Þórdísi Davíðsdóttur, kunni að vera hagur í því í sambandi við kaup á Vegamótastíg 9, að hinni umbeðnu sölu verði frestað, þar til dómsúrlausn er fengin um það, hvaða verði 12/16 hlutar jarðarinnar Úteyjar II verði metnir dánarbúinu, þá þykir ekki fært að láta einhliða hag hennar ráða úrslitum um það, hvenær sala húseignarinnar fari fram, þar sem þegar er orðinn allverulegur dráttur á sölu eignarinnar og telja má, að allur frekari frestur á sölu þessarar eignar kunni að verða búinu sem heild til tjóns. Þykir því verða að taka kröfu sóknaraðilja til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Krafa sóknaraðilja, Skapta Davíðssonar, um sölu við uppboð án tafar á eigninni Vegamótastíg 9 hér í bæ skal tekin til greina.

Málskostnaður falli niður.